

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. TB 655
17 DES. 2003
45.20
Tilv. UST20031200033

UST

Umhverfisstofnun

Stofnun umhverfisráðgjafna og vísindanna

Laugavegi 166

150 Reykjavík, Ísland

Öf 4054 5.1.2005

Útgefið 15.12.2003

www.umhverfisstofnun.is

www.umhverfisstofnun.is

15. desember 2003

Tilvísun: UST20031200033/tb

Efni: Brim fiskeldi ehf. Eldi á allt að 1200 t af þorski, ýsu og lúðu í sjókvíum í Eyjafirði, á móts við Glæsibæ, matsskylda

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 3. desember sl., þar sem óskað er áhlits Umhverfisstofnunar á því hvort að allt að 1200 t fiskeldi á ári í Eyjafirði af þorski, ýsu og lúðu skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Viðtaki:

Umhverfisstofnun hefur farið yfir innsend gögn. Stofnunin telur að Eyjafjörð og viðkomandi eldissvæði sé hægt að skilgreina sem síður viðkvæman viðtaka í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin telur jafnframt að þrátt fyrir að losun efna muni aukast við fyrirhugað sjókvíaeldi megi áfram reikna með að viðtakinn flokkist sem síður viðkvæmur, sbr. lög nr. 7/1998 og 32/1986, og telur því stofnunin að framkvæmdin sé ekki matskyld af þeim sökum. Umhverfisstofnun vill þó benda á að full ástæða er til að vakta vel mengun frá fiskeldinu svo hægt sé að bregðast við með réttum hætti. En á bls.8 í kafla 3.2.5 *Straummælingar* segir: „Straumskilyrði við botn munu leiða til þokkalegrar dreifingar á úrgangsefnum frá fyrirhugaðri fiskeldisstöð og hindra, a.m.k. að nokkru leyti, uppsöfnun lífrænna efna í botnlögum (Guneriusson, Asle 2003). Af þessu má ráða að full ástæða er til að fylgjast vel með uppsöfnun mengunarefna og færa kvíar til eftir því sem vöktun gefur til kynna.

Eldisstofnar:

Í fyrirhuguðu fiskeldi er eingöngu gert ráð fyrir eldi á náttúrulegum stofnum þorsks, ýsu og lúðu. Umhverfisstofnun telur því ekki ástæðu til að matsskylda framangreinda framkvæmd vegna hættu á t.d. „erfðamengun“.

Önnur nýting, náttúrulegir fiskistofnar, sjúkdómar:

Í meðfylgjandi gögnum er bent á að í Eyjafirði séu hugsanlega þrjár þorskstofnar sem halda sig þar allt árið eða hluta af árinu, sjá bls. 16. Einnig kemur fram að í firðinum eru uppeldis og hrygningarstöðvar fyrir þorsk og að vart hafi orðið aukinnar ýsugengdar. Vitað er að þorskur hrygnir í innanverðum firðinum.

Um fjöllum um hvaða sjúkdómar geta herjað á þorskeldi (ýsu- og lúðueldi einnig) er hvergi að finna í innsendum gögnum en lítillega er fjallað um lyfjanotkun.

Landfræðilega lýsingu á hvar fiskveiðar (aðrar en á laxfiskum) í firðinum eru mest stundaðar vantar. Ekki er þó talið líklegt (bls. 16) að sjókvíaeldið hafi áhrif á veiði sjómanna í innanverðum Eyjafirði.


Umhverfisstofnun vill benda á að út frá meðfylgjandi gögnum er ekki hægt að meta hvort t.d. einhver hætta sé á að sjúkdómar geti borist frá eldinu í náttúrulega fiskistofna. En ekki kemur fram um hvaða sjúkdóma gæti verið að ræða né hvar fiskur heldur sig aðallega í firðinum eða hvar uppeldis- og hrygningarstöðvar er að finna. Stofnunin hefur áður bent á að með aukinni ásókn í svæði til fiskeldis í Eyjafirði er nauðsynlegt að kortleggja bæði náttúrufars þætti og nýtingu í firðinum til að hægt sé að meta og skipuleggja hvar fari best að hafa sjókvíaeldi. Þetta þarf bæði að gera til að tryggja að áhrif á náttúrulegt umhverfi verði sem minnst og til að tryggja að áhrif verði sem minnst á aðra nýtingu þ.m.t. annað eldi dýra (kræklingur, lax, þorskur, ýsa, lúða, sæeyra.....).

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun telur í ljósi viðtaka, magns, eldistegunda og sammögnunaráhrifa tengdum þessum þáttum að ekki sé ástæða til að framangreint fiskeldi fari í mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin vill þó ítreka að ýmsar upplýsingar vantar, svo sem um sjúkdóma og um náttúrufars- og vistfræði þætti sem gætu skipt máli í því sambandi bæði hvað varðar mat á áhrifum á lífríki og nýtingu í dag og til framtíðar.

Virðingarfyllst,


Trausti Baldursson


Gunnar Steinn Jónsson